



## Fundur háskólaráðs 16. nóvember 2006

### Fundargerð

Málsnúmer: HI06010052  
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Margrét Ludwig  
Staða: Fært í skjalasafn

### Dagsetningar:

Búið til: 09.11.2006  
Dags: 16.11.2006

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)  
101 REYKJAVÍK  
Sími: 525 4000; 525 4300  
Fax: 552 1331

15/2006

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2006, fimmtudaginn 16. nóvember var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir, Erna Kristín Blöndal, Helgi Þorbergsson, Inga Jóna Þórðardóttir, Matthías Páll Imsland, Ólafur Þ. Harðarson, Rúnar Vilhjálmsson, Sigurrós Eiðsdóttir og Þórdís Kristmundsdóttir. Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og hún samþykkt.

### 1. Mál á dagskrá

#### 1.1 Málefni háskólafundar 17. nóvember 2006.

Rektor fór yfir helstu mál á dagskrá 21. háskólafundar sem haldinn verður 17. nóvember nk.

#### 1.2 Fjárhagsstaða Háskóla Íslands 2006, yfirlit eftir tíu mánuði, og fjárhagsáætlun fyrir árið 2007.

Inn á fundinn komu Gunnlaugur H. Jónsson, innri endurskoðandi Háskólans, og Sigurður J. Hafsteinsson, sviðsstjóri fjármálasviðs, og gerðu rækilega grein fyrir framlögðum gögnum frá fjármálanefnd um fjárhagsstöðu Háskóla Íslands eftir tíu mánuði og fjárhagsáætlun fyrir árið 2007. Málið var rætt ítarlega og svöruðu Gunnlaugur, Sigurður og rektor framkomnum spurningum og athugasemdum.

#### 1.3 Áætlun um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, skýrsla starfshóps, dags. 8. nóvember sl.

Rektor gerði grein fyrir aðdraganda málsins og stöðu. Í máli rektors kom m.a. fram að hugmyndir um sameiningu skólanna hafi fyrst verið settar fram fyrir 4 árum í skýrslu sem HÍ og KHÍ stóðu að sameiginlega. Í fyrravetur hafi menntamálaráðherra skipað nefnd með fulltrúum beggja skóla til að ræða fýsileika sameiningar. Niðurstaða nefndarinnar var send til umsagnar í öllum deildum HÍ og rædd á háskólafundum. Allar deildir voru sammála um að áfram skyldi unnið að sameiningu. Loks skipaði ráðherra nýjan starfshóp í haust til að koma með tillögur um framkvæmd sameiningarferlis. Skýrsla starfshópsins var rædd og rektor gerði grein fyrir því að væntanlega yrði frumvarp um sameiningu háskólanna lagt fram á Alþingi á næstunni.

## **2. Erindi til háskólaráðs**

### **2.1 Stjórnir, nefndir og ráð:**

#### **a. Stjórn Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum. Skipan fimm manna stjórnar og tveggja varamanna.**

- Samþykkt einróma að stjórn Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum verði skipuð þeim Árna Kristjánssyni, lektor í félagsvísindadeild, skipuðum án tilnefningar, Ásdísi Egilsdóttur, dósent í hugvísindadeild, tilnefndri af deildum á hugvísindasviði, Guðbjörgu Lindu Rafnsdóttur, dósent í félagsvísindadeild, tilnefndri af deildum á félagsvísindasviði, Magnfríði Júlíusdóttur, lektor í raunvísindadeild, tilnefndri af deildum á raunvísindasviði, Ólöfu Ástu Ólafsdóttur, lektor í hjúkrunarfræðideild, tilnefndri af deildum á heilbrigðisvísindasviði, og Þorgerði Einarsdóttur, dósent í félagsvísindadeild, skipaðri án tilnefningar. Varafulltrúar verði Guðmundur Jónsson, prófessor í hugvísindadeild, og Sigrún Valgarðsdóttir, jafnréttisfulltrúi. Skipunartími er til 1. júlí 2008.

#### **b. Stjórn Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Skipan fimm manna stjórnar.**

- Samþykkt einróma að stjórn Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum verði skipuð þeim Stefáni B. Sigurðssyni, prófessor og forseta læknadeildar, tilnefndum af læknadeild, sem verði formaður, Sigurbjörgu Þorsteinsdóttur, ónæmisfræðingi í veiru- og sameindalíffræðideild að Keldum, tilnefndri af starfsmönnum Tilraunastöðvarinnar, Páli Hersteinssyni, prófessor í raunvísindadeild, tilnefndum af raunvísindadeild, Eggerti Gunnarssyni, dýralækni, tilnefndum úr röðum starfsmanna Tilraunastöðvarinnar af landbúnaðarráðherra, og Halldóri Runólfssyni, yfirdýralækni, tilnefndum af landbúnaðarráðherra. Skipunartími er til loka ársins 2010.

#### **c. Samráðsnefnd um kjaramál og samráðsnefnd Félags prófessora og háskólaráðs um kjaramál.**

- Samþykkt einróma að Sigurður J. Hafsteinsson, fjármálastjóri, taki sæti Gunnlaugs H. Jónssonar, sem hefur tekið við starfi innri endurskoðanda Háskólans, í Samráðsnefnd um kjaramál og samráðsnefnd Félags prófessora og háskólaráðs um kjaramál. Skipunartími Sigurðar er hinn sami og annarra nefndarmanna eða til 30. júní 2008.

#### **d. Stjórn Happpdrættis Háskóla Íslands. Skipan þriggja manna stjórnar.**

- Samþykkt samhljóða að stjórn Happpdrættis Háskóla Íslands verði skipuð þeim Ebbu Þóru Hvannberg, prófessor í verkfræðideild, Óskari Magnússyni, forstjóra Tryggingarmiðstöðvarinnar, og Páli S. Hreinssyni, prófessor og forseta lagadeildar sem verði formaður. Skipunartími stjórnarinnar er til loka ársins 2007. Helgi Þorbergsson sat hjá við afgreiðslu málsins vegna tengsla við einn stjórnarmann.

### **2.2 Tillögur að breytingum á reglum:**

Inn á fundinn kom Þórður Kristinsson, sviðsstjóri kennslusviðs, og gerði grein fyrir tillögnum.

#### **a. Frá hugvísindadeild: Tillaga um breytingu á 4. gr. reglna hugvísindadeildar um framhaldsnám, nr. 952/2002.**

- Samþykkt einróma.

#### **b. Frá félagsvísindadeild: Tillaga um breytingar á 114. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.**

- Tillaga félagsvísindadeildar samþykkt einróma að því undanskildu að þeim hluta tillögunnar er lýtur að meistaranámi í hagnýtri þjóðfræði til 45 eininga verður vísað til umsagnar kennslumálanefndar. Einnig var samþykkt að vísa ábendingu sálfræðiskorar um fyrirkomulag einkunnagjafar til umsagnar gæðanefndar.

**c. Frá lagadeild: Tillaga um breytingar á 91. og 93. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, reglum lagadeildar um áherslusvið í framhaldsnámi í lögfræði til meistaraþrófs, og reglum um LL.M.-nám við lagadeild.**

- Samþykkt einróma.

**d. Frá læknadeild: Tillaga um breytingar á reglum um inntöku nýnema í deildina.**

- Samþykkt einróma.

**e. Frá gæðanefnd: Tillaga um breytingu á 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.**

- Samþykkt einróma.

**2.3 Drög að umsögn háskólaráðs um erindi kjararáðs í tengslum við úrskurð skv. 5. gr. laga um kjararáð, sbr. síðasta fund.**

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt ítarlega.

- Framlögð drög að umsögn háskólaráðs samþykkt með nokkrum orðalagsbreytingum.

**2.4 Frumvarp til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu (Háskólinn á Hólum), sbr. bréf landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 23. október sl. Drög að umsögn háskólaráðs.**

Rektor gerði grein fyrir málinu.

- Samþykkt einróma.

**2.5 Erindi tveggja nemenda vegna túlkunar deildar á 2. mgr. 59. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, sbr. síðasta fund.**

Þórdís Kristmundsdóttir, fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs, gerði f.h. starfshóps háskólaráðs grein fyrir tillögu starfshópsins að afgreiðslu ráðsins á beiðni tveggja nemenda vegna túlkunar deildar á 2. mgr. 59. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, sbr. síðasta fund. Málið var rætt ítarlega.

- Háskólaráð samþykkir einróma að beina því til deildarforseta viðskipta- og hagfræðideildar að hann breyti ákvörðun sinni á þann veg að endurmat prófdómara leiði ekki til lækkunar einkunna nemendanna í umræddu námskeiði. Jafnframt samþykkir háskólaráð að verklagsreglunum „Um góða starfshætti við kennslu og próf í Háskóla Íslands“ verði tafarlaust breytt á þann veg að prófdómari fari aðeins yfir prófurlausnir þeirra nemenda sem óska eftir endurmati og síðan gildi meðaltal einkunna kennara og prófdómara, hvort heldur er til hækkunar eða lækkunar. Jafnframt verði bætt við ákvæði um að ef meirihluti stúdenta í námskeiði óski eftir prófdómara þá sendi deild tilkynningu til þeirra stúdenta sem ekki hafa óskað eftir endurmati á prófurlausn sinni og bjóði þeim að slíkt endurmat fari fram. Prófdómari fari þó ekki yfir prófurlausnir þeirra sem ekki óska þess.

**3. Til fróðleiks**

**3.1 Starf öryggisnefndar Háskóla Íslands 2002-2006, greinargerð, dags. 20. október 2006.**

**3.2 Skýrsla um málefni fatlaðra í Háskóla Íslands 2002-2006, útg. í október 2006.**

**3.3 Fundargerð 20. háskólafundar 5. maí 2006.**

Fleira var ekki gert.  
Fundu slitið kl. 16.00.